

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á lögum 14. febrúar 1902. — Með brjefi, dagsettu 24. apríl þ. á., hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem hann beiðist leiðbeiningar um það, hvernig svara eigi fyrirspurn hreppstjórans í Ytri Akraneshreppi um skilning á lögum 14. febr. 1902 um viðauka við lög um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, frá 13. janúar 1882, með því að það hefir leikið efi á því, hvort skipum, sem skyld eru til að greiða afgreiðslugjald í landssjóð, er skylt, þá er skipsskjölin eru eigi send til lögreglustjóra sjálfs til áritunar, að greiða gjald það, er ræðir um í nefndu lagaákvæði, til þess manns, er ritar á skipsskjölin í umboði lögreglustjóra, án tillits til þess, hvort viðkomandi skip á í það skipi að greiða afgreiðslugjald í landssjóð eða ekki. Hafð þjer í nefndu brjefi yðar beiðzt álits ráðaneytisins um þessa spurning, og jafnframt látið þess getið, að yður virðist liggja beinast við að skilja lögin frá 14. febrúar 1902 þannig, að hið umrædda aukagjald skuli greiða þá aðeins til umboðsmanns lögreglustjóra, er viðkomandi skip jafnframt á að greiða afgreiðslugjald til landssjóðs.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðaneytið verður að líta svo á, að spurningu þessari, er annars heyrir undir úrlausn dómstólanna, beri að svara á þá leið, að hið umrædda aukagjald eigi að greiða í hvert skipti, er skip þau er um ræðir, nota umboðsmann lögreglustjóra til að rita á skipsskjölin, án tillits til þess, hvort skipin í það sama sinn greiða afgreiðslugjald í landssjóð eða eigi.

Reglugjörð

73

25. júlí

sem hefir inni að halda viðauka við reglugjörð fyrir Strandasýslu, 14. júlí 1893, um refaeyðingu, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld o. fl., sbr. reglugjörð um breytingu á þessari reglugjörð frá 14. júlí 1898.

Amtsráðið í Vesturamtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

sem hefir inni að halda viðauka við reglugjörð fyrir Strandasýslu, 14. júlí 1893, um refaeyðingu, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld o. fl., sbr. reglugjörð um breyting á þessari reglugjörð frá 14. júlí 1898 og sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. janúar 1904.

1. gr.

Innausveitarfje skal rekast bæ frá bæ skemmstu leið til eiganda, einnig það, sem finnst eptir skilarjett (sbr. reglugjörð 14. júlí 1893, 34. gr.).

8. dag októbermánaðar 1903.

Reykjavík. — Isafoldarprentsmiðja.

Upprentað blað.